

Lyfjastofnun

08 317

Ársreikningur 2022

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Lyfjastofnun

kt. 670900-2740

Vínlandsleið 14, 113 Reykjavík

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Lyfjastofnun heyrir undir velferðarráðuneytið. Helsta hlutverk hennar er að skrá lyf á Íslandi í samvinnu við lyfjafirvöld á EES, hafa eftirlit með lyfjaiðnaðinum á Íslandi og tryggja faglega og hlutlausa upplýsingagjöf.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 32 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2022 var ársveltan kr. 1.171,0 milljónir og afkoma kr. -122,3 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. -60,4 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 727,8 milljónir.

Starfsemi stofnunarinnar á árinu 2022 byggir á heimildum í fjárlögum og fjárukalögum fyrir árið 2022.

Það er álit mitt að ársreikningur 2022 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Lyfjastofnunar í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Lyfjastofnunar fyrir árið 2022 með rafrænni undirritun sinni.

Rúna Hauksdóttir Hvannberg
Forstjóri

Þórhallur Hákonarson
Sviðsstjóri fjármála- og rekstrarsviðs

Yfirlit um afkomu ársins 2022

	Skýr	2022	2021
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	345.800.000	344.700.000
Aðrar tekjur	3	636.860.264	706.654.317
Seld þjónusta	4	165.831.323	214.459.481
Framlög og ýmsar tekjur	5	1.212.087	16.611.705
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	21.310.280	15.594.353
Tekjur samtals		1.171.013.954	1.298.019.856
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	6	1.067.893.283	993.111.814
Annar rekstrarkostnaður	7	203.453.723	262.148.794
Afskriftir	8	21.310.280	15.594.353
Gjöld samtals		1.292.657.286	1.270.854.961
Afkoma fyrir fjármagnsliði		(121.643.332)	27.164.895
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður		6.005	49.230
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap	9	(671.805)	(314.685)
		(665.800)	(265.455)
Afkoma ársins		(122.309.132)	26.899.440

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2022

Eignir	Skýr	31.12.2022	31.12.2021
Fastafjármunir			
Óefnislegar eignir	10	28.396.694	0
Varanlegir rekstrarfjármunir:	11		
Áhöld, tæki og búnaður		65.329.627	57.812.786
Farartæki og vélar		0	0
Aðrar eignir		400.000	400.000
Verk í vinnslu, fasteignir		16.181.190	0
		<u>81.910.817</u>	<u>58.212.786</u>
Fastafjármunir samtals		<u>110.307.511</u>	<u>58.212.786</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur		81.308.518	60.332.939
Tengdir aðilar	12	536.044.571	718.608.998
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður		180.149	53.499
Veltufjármunir samtals		<u>617.533.238</u>	<u>778.995.436</u>
Eignir samtals		<u>727.840.749</u>	<u>837.208.222</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	13		
Hrein eign		(60.365.386)	61.943.746
Bundið eigið fé		254.100.000	254.100.000
Eigið fé samtals		<u>193.734.614</u>	<u>316.043.746</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	12	4.684.575	3.337.040
Viðskiptaskuldir		447.120.528	414.594.504
Ýmsar skammtímaskuldir	14	96.884.071	103.320.691
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	15	(14.583.039)	(87.759)
		<u>534.106.135</u>	<u>521.164.476</u>
Skuldir samtals		<u>534.106.135</u>	<u>521.164.476</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>727.840.749</u>	<u>837.208.222</u>
Aðrar upplýsingar	16		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2022

	Skýr	2022	2021
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		(122.309.132)	26.899.440
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	8	21.310.280	15.594.353
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(21.310.280)	(15.594.353)
		(122.309.132)	26.899.440
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		(21.102.229)	59.656.278
Tengdir aðilar		117.321.957	(49.430.189)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		26.089.404	(37.125.529)
		122.309.132	(26.899.440)
		<u>0</u>	<u>0</u>
Handbært fé frá rekstri			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	11	(26.594.700)	(26.738.887)
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna, verk í vinnslu		(16.181.190)	0
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna		15.000	0
		(73.390.005)	(26.738.887)
Fjármögnunarhreyfingar			
Tengdir aðilar		66.590.005	20.138.887
Fjárfestingarframlag		6.800.000	6.600.000
		73.390.005	26.738.887
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		0	0
		0	0
Handbært fé í árslok			
		<u>0</u>	<u>0</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds. Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda. Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggja atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur vegna skuldabréfaeignar eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu og vaxtatekjur krafna eru tekjufærðar eins og þær falla til nema vafi leiki á um innheimtu þeirra. Vaxtatekjur af almennum bankainnistæðum færast hjá ríkissjóði. Vaxtagjöld færast til gjalda þegar þau falla til.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ISK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í yfirlit um afkomu sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í lok ársins.

Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru upphaflega færðar á kostnaðarverði.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru færðar á kostnaðarverði að frádreginni virðisrárnun og niðurfærslum. Niðurfærslur eru gjaldfærðar línulega yfir líftíma eignarinnar í yfirliti um afkomu. Almenn er áætlaður nýtingartími tölvuhugbúnaðar sex til átta ár.

Óefnislegar eignir með ótakmarkaðan nýtingartíma eru ekki niðurfærðar en eru prófaðar a.m.k. árlega með tilliti til virðisrárnunar.

Innleyst tap vegna ráðstöfunar óefnislegra eigna er fært í yfirlit um afkomu á því tímabili þegar viðskiptin eiga sér stað. Söluverð eigna og þar með söluhagnaður myndar fjárfestingarheimild og er meðhöndlað þannig.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru skoðaðar a.m.k. árlega til að ákvarða hvort einhver vísbending sé um virðisrárnun. Ef endurheimtanleg fjárhæð óefnislegrar eignar er lægri en bókfært verð hennar, er bókfært verð hennar fært í endurheimtanlega fjárhæð og virðisrárnunartap fært í yfirlit um afkomu.

Skýringar

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggja kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður	3-10 ár
Farartæki og vélar	8-15 ár
Aðrar eignir	óafskrifað

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppséggjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppséggjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

2022 2021

2 Tekjufærsla fjárveitinga

Fjárveiting ársins	345.800.000	344.700.000
Tekjufærsla frestaðra tekna	21.310.280	15.594.353
	<u>367.110.280</u>	<u>360.294.353</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	345.800.000	0	0	345.800.000
Fjárveiting til tekna	345.800.000	0	0	345.800.000
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum ...	(468.109.132)	0	0	(468.109.132)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	(122.309.132)	0	0	(122.309.132)

2022 2021

3 Aðrar tekjur

Sala á vöru og þjónustu	636.860.264	706.654.317
	<u>636.860.264</u>	<u>706.654.317</u>

4 Seld þjónusta

Sérfræðiþjónusta	165.831.323	211.597.658
Veitinga- og gistiþjónusta	0	2.861.823
	<u>165.831.323</u>	<u>214.459.481</u>

5 Framlög og ýmsar tekjur

Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir	209.550	16.533.888
Ýmsar tekjur	1.002.537	77.817
	<u>1.212.087</u>	<u>16.611.705</u>

2022 2021

6 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun	867.784.590	780.534.542
Orlof, breyting	(6.825.356)	8.755.289
Launatengd gjöld	193.376.573	171.598.875
Starfsmannakostnaður	13.557.476	32.223.108
	<u>1.067.893.283</u>	<u>993.111.814</u>

Meðalfjöldi stöðugilda	81,2	75,9
------------------------------	------	------

2022 2021

7 Annar rekstrarkostnaður

Bækur, ritföng, filmur o.fl.	318.410	650.554
Byggingarvörur, almennar	3.919	236.398
Tæki og búnaður til innréttinga	67.608	0
Ýmis tæki og áhöld	1.042.368	1.869.180
Orkugjafir	1.267.998	1.469.897
Matvæli	19.975.251	13.886.289
Almennar rekstrarvörur	1.179.093	998.419
Vörukaup, almenn	<u>23.854.647</u>	<u>19.110.737</u>

Skýringar

	2022	2021
7 Annar rekstrarkostnaður (frh).		
Ýmsar sérgreindar vörur	0	16.170
Vörukaup, sérgreind	0	16.170
Fundir, námskeið, risna	3.575.759	3.897.828
Ferðir, uppihald	22.130.642	4.010.404
Akstur	1.000.210	1.202.252
Sérfræðiþjónusta	29.579.992	113.199.089
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	1.430.198	967.111
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	5.219.717	16.431.147
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	1.734.258	2.081.995
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	64.670.776	141.789.826
Afnotagjöld	44.601.520	35.209.960
Leigugjöld	35.814.418	33.083.438
Notkun véla og flutningatækja	506.738	122.230
Verkkaup	31.097.284	29.083.541
Kostnaðarhlutdeild	2.493.717	1.599.711
Tryggingar, lögboðnar	356.623	327.698
Opinber gjöld	3.000	75.662
Tilfærslur	55.000	650.600
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	114.928.300	101.232.061
Annar rekstrarkostnaður samtals	203.453.723	262.148.794
8 Afskriftir		
Áhöld, tæki og búnaður	19.077.859	15.594.353
Farartæki og vélar	0	0
Niðurfærsla óefnislegra eigna	2.232.421	0
	21.310.280	15.594.353
9 Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		
Fjármagnskostnaður	0	5.851
Dráttarvextir	668.355	308.834
Gengistap, verðbreytingar	3.450	0
	671.805	314.685

Skýringar

	31.12.2022	31.12.2021
10 Óefnislegar eignir		
Óefnislegar eignir	28.396.694	0
Óefnislegar eignir greinast þannig í árslok 2022:		Hugbúnaður
Stofnverð 01.01.2022		0
Sértækt endurmat		
Viðbætur á árinu		30.629.115
Selt/niðurfært á árinu		0
		<u>30.629.115</u>
Niðurfært 01.01.2022		0
Niðurfærsla ársins		2.232.421
Selt/niðurfært á árinu		
		<u>2.232.421</u>
Staða 31.12.2022		<u>28.396.694</u>

	31.12.2022	31.12.2021
11 Varanlegir rekstrarfjármunir		
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld, tæki og búnaður	65.329.627	57.812.786
Farartæki og vélar	0	0
Aðrar eignir	400.000	400.000
	<u>65.729.627</u>	<u>58.212.786</u>
Verk í vinnslu, breytingar á húsnæði Lyfjastofnunar verklok mars 2023.....	16.181.190	0
	<u>81.910.817</u>	<u>58.212.786</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2022:

	Áhöld, tæki og búnaður	Farartæki og vélar	Fasteignir	Aðrar eignir	Samtals
Staða 01.01.2022	109.721.287	0	0	400.000	110.121.287
Viðbætur á árinu	26.594.700	0	0	0	26.594.700
	<u>136.315.987</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>400.000</u>	<u>136.715.987</u>
Afskriftir 01.01.2022	51.908.501	0	0	0	51.908.501
Afskrift ársins	19.077.859	0	0	0	19.077.859
	<u>70.986.360</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>70.986.360</u>
Staða 31.12.2022	<u>65.329.627</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>400.000</u>	<u>65.729.627</u>

	31.12.2022	31.12.2021
12 Tengdir aðilar		

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	536.044.571	718.608.998
Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs	0	0
	<u>536.044.571</u>	<u>718.608.998</u>

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	0	0
Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	4.684.575	3.337.040
	<u>4.684.575</u>	<u>3.337.040</u>

Skýringar

13 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	31.12.2022	31.12.2021
Hrein eign		
Jöfnuður 1.1.	316.043.746	289.144.306
Afkoma ársins	(122.309.132)	26.899.440
Jöfnuður 31.12.	<u>193.734.614</u>	<u>316.043.746</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

Af eigið fé stofnunarinnar eru kr. 254,1 milljónir sem eru bundið eigin fé, þ.e. ráðstöfun þess er ekki heimil nema heimild til þess verði veitt í fjárlögum.

	31.12.2022	31.12.2021
14 Ýmsar skammtímaskuldir		
Ógreitt orlof	96.375.096	103.200.452
Önnur ógreidd gjöld	508.975	120.239
	<u>96.884.071</u>	<u>103.320.691</u>

15 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2022	31.12.2021
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	110.307.511	58.212.786
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað til fjárfestinga) ...	(124.890.550)	(58.300.545)
	<u>(14.583.039)</u>	<u>(87.759)</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga-fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2022	58.212.786	(58.300.545)	(87.759)
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	6.800.000	6.800.000
Söluhagnaður varanlegra rekstrarfjármuna	0	15.000	15.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum, verk í vinnslu	16.181.190	(16.181.190)	0
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	26.594.700	(26.594.700)	0
Fjárfesting í óefnislegum eignum	30.629.115	(30.629.115)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	<u>(21.310.280)</u>	0	<u>(21.310.280)</u>
	<u>110.307.511</u>	<u>(124.890.550)</u>	<u>(14.583.039)</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2022 munu kr. 12,7 milljónir koma til tekna á árinu 2023.

Skýringar

16 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga um húsnæði og þjónustusamninga um rekstur og vörslu hugbúnaðarkerfa. Árlegar greiðslur vegna húsaleigu nema kr. 37 milljónum og vegna þjónustu- og vörslusamninga kerfa kr. 54 milljónum.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2022.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.